Þríhyrninga-ferningar

Hér er skemmtileg aðferð við gerð þríhyrninga-ferninga. Fyrst eru ræmurnar skornar, síðan saumaðar saman, svo pressaðar í sundur og að lokum skornar í ferninga. Enginn flái kemur á ferningana og sé rétt farið að, verða þeir fullkomnir!!

Ræmubreiddir			***Fjöldi ferninga sem fæst***		
Loka-stærð fernings:	Skorin stærð fernings:	Ræmu-breidd skorin:	10” ferningur gefur:	13” ferningur gefur:	15” ferningur gefur:
1”	1½”	2”	35	61	84
1½”	2”	2¼”	23	43	53
2”	2½”	2½”	13	30	36
2½”	3”	2⅞”	10	20	27
3”	3½”	3¼”	7	16	19
3½”	4”	3⅝”	7	11	16
4”	4½”	4”	5	7	9

Farið eftir töflunni hér að ofan og skerið ræmur í þeirri breidd sem þar kemur fram. Dæmi: ef gefið er upp að lokastærð fernings eigi að vera 2", þarf ferningurinn að vera skorinn 2½" sem þýðir að ég sker ræmurnar 2½“ breiðar. **Í sýnidæminu hér voru skornar ellefu 2½” ræmur, þar af sex dökkbrúnar og fimm í mynstruðum litum**

1) Saumið ræmurnar saman með ¼" saumfari og pressið

2) Setjið stikuna ofan á saumana á ræmunum. Best er að nota ferhyrnda stiku með 45° línu. Gætið þess að 45° línan á stikunni renni rétt eftir saumfarinu á ræmunum. Skerið út rétta stærð. Í dæminu hér skerum við út 2½" ferning. Hér þarf að gæta þess að skera alveg upp við stikuna eins og við getum, þ.e. ekki skera langt upp fyrir hana því þá skerum við inn í ferningana sem við munum fá úr línu 2



3) Svona er haldið áfram til vinstri þar til við höfum skorið fimm ferninga (það fer eftir því hvað við saumuðum margar ræmur saman hvað við fáum marga ferninga út úr stykkinu). Hér erum við búin að skera eina línu yfir ræmustykkið.

4) Snúið ferningunum og skerið hinar hliðarnar til að mynda fullkominn 2½” ferning úr hverjum. Gætið þess líka hér að 45° línan á stikunni renni rétt eftir saumfarinu á ræmunum. Athugið að snúa alltaf öllum ferningunum til að skera hinar hliðarnar. Ég geri það alltaf. Þegar maður er kominn lengra inn í efnið virðast ferningarnir stundum alveg klárir þegar maður hefur skorið þá úr ræmublokkinni en þegar maður snýr þeim til að skoða þá betur þarf oft að skera 1-2 mm af hinum hliðunum. Fullkominn 2½” ferningur tilbúinn!



5) Í næstu línu þarf að gæta þess hvar við byrjum að skera. “Bannhringurinn” á myndinni sýnir algeng mistök, þ.e. að byrja að skera næst beint fyrir ofan þar sem við skárum síðast. Heili hringurinn sýnir hvar skal byrjað að skera í næstu línu (línu 2)

6) Við höldum stikunni eins nálægt jaðrinum og við getum, þó þannig að við náum að skera út 2½” ferning. Gætum að 45° línunni á stikunni, að hún renni rétt eftir saumfarinu. 2½” ferningurinn er innan efnisins. Aftur skerum við út 2½" ferning. Ávallt þarf að gæta þess að skera alveg upp við stikuna eins og við getum, þ.e. ekki skera langt upp fyrir hana svo við skerum ekki inn í ferningana sem við munum fá úr línu 3



7) Lína 2 gaf okkur þessa fimm ferninga. Rauði hringurinn sýnir hvar á að byrja að skera í línu 3



8) Aftur fáum við fimm ferninga, hér úr línu 3.

9) Hér erum við langt komin með ræmublokkina og aðeins nokkrir ferningar eftir af henni.



10) Í þessu dæmi saumaði ég saman ellefu ræmur. Hver ræma var 2½” x 22”. Þegar ég var búin að sauma þær saman var ég komin með eina ræmublokk: 22½” x 22”. Úr blokkinni fékk ég svo fimmtíuogfimm (55) 2½” þríhyrninga-ferninga. Dúkurinn samanstóð af 400 ferningum svo ég þurfti að sauma alls átta svona ræmublokkir.

Ég vona að þessar leiðbeiningar opni á fullt af hugmyndum, t.d. hvernig nýta má allar afgangsræmurnar.

Ykkur er velkomið að hafa samband við mig ef þið hafið einhverjar spurningar. Einnig þætti mér gaman að fá myndir af afrakstri ykkar!

Takk fyrir mig,
Berglind Snæland
http://www.catnap.typepad.com